

18. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

104

11. des.

19. gr.

Hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakauptún frá 14. febrúar 1911, er hjermeð úr gildi feld.

20. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1921 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1926, þó ekki síðar en þegar hinni fyrirhuguðu hafnargjörð er lokið.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. desember 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

105

13. des.

um

notkun og meðferð rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Rafveita Seyðisfjarðarkaupstaðar selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar veitunnar ná yfir að svo miklu leyti sem afl hennar nægir til, samkvæmt eftirfarandi skilmálum.

2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefir á hendi yfir stjórnrafveitunnar. Hún ákveður hvernig rekstri rafveitunnar skuli hagað og stjórnar fjármálum hennar, ræður starfsmenn og ákveður laun þeirra og starfssvið, að fengnum tillögum rafveitunefndar í hvert sinn.

Rafveitunefnd er bæjarstjórn kýs stjórnar málefnum rafveitunnar. Í nefndinni eru 3 menn kosnir til þriggja ára og skulu 2 þeirra ávalt vera úr tölu bæjarfulltrúa. Gengur einn maður árlega úr nefndinni. Tölu nefndarmanna getur bæjarstjórn breytt með fundarsamþykkt. Rafveitunefnd skal halda gjörðabók. Í hana skal skrá allar samþykktar tillögur svo og ágreiningsatriði, ef hlutaðeigandi æskir þess. Rafveitunefnd velur sér formann í byrjun hvers árs, er boðar til nefnarfundar þegar þörf krefur. Skyldur er hann að boða fundi þá er bæjarstjórnin æskir eða meirihluti nefndarmanna.

3. gr.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má því aðeins stöðva þær eða taka

105 af strauminn, að brýna nauðsyn beri til sökum aðgerða eða eftirlits, er ekki verði hjá komist, 13. des. og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum í þræðina svo fljótt sem unt er.

Breytingar og aðgerðir, svo og viðtengingar á nýjum línum skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, fara fram á þeim tímum, sem veitan er lokuð. Komi það fyrir, að veitan sje lokuð sökum aðgerða, sem ekki verður hjá komist, lengur en tvo sólarhringa í senn á þeim tíma, sem hún á að vera opin, skal draga frá $\frac{1}{300}$ af árgjaldinu hjá þeim, sem hafa straumtakmarkara fyrir hvern sólarhring, sem framyfir er, þó ekki á tímabilinu frá 20. maí til 20. júlí ár hvert. Að öðru leyti ber bærinn enga ábyrgð gagnvart straumnnotendum á lokun, sem stafar af ófyrirsjáanlegum atvikum (force majeure), heldur verður skemdin bætt eins fljótt eins og unt er. Allar breytingar frá venjulegum rekstri auglýsir bæjarstjórnin með hæfilegum fyrirvara.

4. gr.

Hver sá, sem óskar að fá leitt inn til sín rafmagn eða breytt eldri raflagningu, skal senda formanni rafveitunefndar skriflega beiðni um það, með nákvæmum upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann vill fá alls, hve mikið til ljósa, suðu, vjela eða annars. Rafveitunefnd ákveður, að fengnu áliti stöðvarstjóra, hvort raflagningin skuli leyfð; eða ekki og tilkynnir umsækjanda úrskurð sinn og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en 3 vikum eftir að formaður rafveitunefndar hefir fengið umsóknina.

Aður en byrjað er á raflagningunni, skal hlutaðeigandi með undirskrift sinni á pöntunarseðil skuldbinda sig til að uppfylla allar þær kröfur, sem reglugjörðin gerir til hans.

Pöntun á rafmagni til lýsingar sje bindandi til 1. október næst á eftir, Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta ár, sem telst frá 1. október til 30. september o. s. frv. nema notandi eða húsráðandi flytji búferlum og húsið sje án íbúðar, þó skal hlutaðeigandi greiða gjald fyrir ársfjórðung þann, er hann flytur burt á.

5. gr.

Húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðaltaugum að húsinu, alt að 35 metra. Standi hús lengra en 35 metra frá næstu aðaltaug, kostar húseigandi það, sem fram yfir fer, en rafveitan lætur undir öllum kringumstæðum vinna verkið og kostar sjálf uppsetningu á vörum og takmarkara eða mæli. Ef sjerstakir erfiðleikar eru við lagning húsálmu, getur rafveitan krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af því hlýttst, en ef svo stendur á, skal gera húseiganda aðvart fyrirfram.

Aðaltaugakerfi rafveitunnar má ekki stækka nema með samþykki bæjarstjórnar.

6. gr.

Innanhústaugar, lampar og önnur áhöld, vjelar o. s. frv., skal setja upp á kostnað hlutaðeiganda af löggiltum rafvirkja. Engir nema þeir, sem bæjarstjórnin eftir tillögum rafveitunefndar löggildir til þess; mega leggja raftaugar, setja upp lampar eða önnur raftæki eða vjelar, nje heldur að neinu leyti breyta eldri raflögnum.

7. gr.

105
13. des.

Nú hafa verið lagðar raftaugar í hús eða breyting verið gerð á eldri taugum, og má ekki setja slíkar taugar í samband við raftaugar bæjarins, fyr en fulltrúi rafveitunefndar, eða annar, sem rafveitunefnd felur það, hefir prófað þær og gengið úr skugga um, að þær sjeu öruggar og samkvæmt fyrirmælum rafveitunefndar.

Álftist innanhústaugarnar ófullnægjandi að einhverju leyti, skal hlutaðeigandi rafvirki laga þær þannig að þær sjeu fullnægjandi.

8. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr taugakerfi bæjarins, nje ótilkvaddur brjóta innsigli rafveitunnar og ekki heldur aðhafast neitt það, er valdið geti skemdu á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugurnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögunum.

9. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur að sjá um, að innanhústaugar hans sjeu ætíð í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða raftæki í húsi, þannig, að skemdu valdi á taugum eða áhöldum rafveitunnar, t. d. að öryggi hrökkvi í sundur, mælar eða takmarkarar skemmist, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það fulltrúa rafveitunefndar.

Þar sem rafmagn er notað til ljósa, skal varast að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

Þar sem rafmagn er notað til suðu eða hitunar, ber þess að gæta, að suðu- eða hitunaráhöldin standi ekki svo nálægt veggjum, að brunahætta stafi af. Suðunáhöld skulu standa á palli eða undirlagi úr eldtraustu efni. Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss en rafveitan utan

10. gr.

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota lampa og áhöld, sem eftir áliti hennar eru talin ótrygg, eða til tálmunar góðum rekstri. Sjerstaklega skulu vjelar vera þannig gerðar, að þær byrji ekki ganginn eða stöðvi hann snögglega, heldur jafnt, svo það hafi ekki áhrif á ljósin.

11. gr.

Stöðvarstjóri og fulltrúar rafveitunefndar skulu ætíð hafa frjálstan aðgang alstaðar þar sem taugar og áhöld eru í sambandi við aðaltaugarnar, til þess að rannsaka hvort alt er í lagi.

12. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, er hann hefir samkvæmt þessari reglugerð, skal þá rafveitunni heimilt að slíta sambandi við hann, og ber notandi fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

105

13. gr.

13. des.

Þegar sjerstaklega stendur á, er bæjarstjórninni heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum, sker bæjarstjórnin úr.

14. gr.

Reglugjörð þessari og gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

15. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum allt að 100 krónum, sem renna í bæjar-sjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3 nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. desember 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Gjaldskrá

106

13. des.

fyrir

notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til lýsingar er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir	50 Watt	kr.	36,00
»	75 »	»	52,00
»	100 »	»	64,00
»	150 »	»	96,00
»	200 »	»	124,00